

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um stjórn bæjarmálefna Seyðisfjarðarkaupstaðar nr. 108 28. marz 1968.

1. gr.

33. gr. 2. málgr. 8. töluliður orðist svo:

Fimm menn í atvinnumálanefnd og fimm til vara. Þrír tilnefndir af Verkamannafélaginu Fram á Seyðisfirði og þrír til vara. Tveir tilnefndir af Vinnuveitendafélagi Seyðisfjarðar og tveir til vara. Sé fulltrúi ekki tilnefndur samkvæmt framsögðu, skal hann kosinn af bæjarstjórn úr hópi verkamanna og atvinnurekenda eftir því sem við á.

Félögum skal veittur allt að mánaðarfrestur til tilnefningar.

Samþykktarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. janúar 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 20.

27. janúar 1971.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Póstmannasjóð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. janúar 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Póstmannasjóð.

Þessi skipulagsskrá kemur í stað skipulagsskrár nr. 49/1923 um Póstmannasjóð og hljóðar þannig:

1. gr.

Sjóðurinn heitir Póstmannasjóður. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja póstmenn, sem hafa póststörf að aðalstarfi, að mati sjóðsstjórnar, til menntunar í starfi hérlendis eða erlendis, til ferðalaga í hvíldar og hressingarskyni, að verðlauna einstaka póstmenn, er sýnt hafa af sér dugnað, trúmennsku og samvirkusemi í starfi, enn fremur þá, er hafa unnið einhver þau störf, er gildi hafa fyrir póstmannastéttina, hagnýt eða fræðandi, svo og að styrkja fræðslufundi og námskeiðahald fyrir póstmenn, útgáfustarfsemi, orlofsheimili póstmanna og aðra menningarstarfsemi þeirra.

Dá er það hlutverk sjóðsins að styrkja með árlegum framlögum, sjóði, er kunna að vera stofnaðir til hagsbóta fyrir póstmenn, svo sem fasteignalánasjóð póstmanna, styrktarsjóð póstmanna, svo og póstmínjasafn.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru þessar:

- a) Andvirði seldra frimerkja af öllum íslenskum póstaðvísunum, póstkrofuávísunum og símapóstaðvísunum, eftir 4 ára geymslutíma þeirra, svo og af öllum böggla-fylgibréfum, eftir 3 ára geymslutíma þeirra.
- b) Vextir af innstæðum sjóðsins.
- c) Gjöld póstmanna, sbr. 8. gr.
- d) Gjafir og önnur framlög.

4. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er kr. 4 000 000.00, og hann má ekki skerða. Helmingur af árlegum vöxtum höfuðstólsins skal leggjast við hann. Af höfuðstólnum skal aldrei vera minna en kr. 1 000 000.00 á bundnum bankareikningi.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Yfirmaður póstmála eða sá, sem hann tilnefnir í sinn stað, enda hafi viðkomandi póststörf að aðalstarfi, og tveir fulltrúar póstmanna, búsettir í Reykjavík eða grennd og skulu þessir tveir fulltrúar kosnir af aðilum Póstmannasjóðs til þriggja ára í senn, svo og tveir til vara.

Endurskoðendur sjóðsins skulu vera tveir. Annar skal kosinn, svo og einn til vara. Hinn endurskoðandinn skal vera aðalendurskoðandi póstsins, eða sá er hann tilnefnir í sinn stað.

Kosningarétt hafa aðilar Póstmannasjóðs sbr. 8. gr.

Stjórn sjóðsins ræður tilhögun kosninga.

Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stjórnarákvörðun er eigi lögmæt, nema stjórnin sé fullskipuð.

Afl atkvæða ræður úrslitum.

Stjórn sjóðsins heldur fundi þegar að ástæða er til, og skal halda fundargerðarbók.

Stjórnin er skyldug að halda almennan fund sjóðsaðila, ef þriðjungur þeirra óskar þess.

Aðalstjórnarfundur skal haldinn í marz ár hvert.

Stjórnin er ólaunuð.

6. gr.

Stjórnin innheimtir tekjur sjóðsins, veitir styrki og innir af hendi framlög, sem-ur árlega reikninga yfir tekjur sjóðsins og gjöld, og annast að öðru leyti um það, sem skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

Reikningsárið er almanaksárið. Stjórnin skal leggja reikninga fyrir endurskoðendur eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

Endurskoðendur verða að hafa lokið endurskoðun sinni fyrir 1. marz ár hvert. Skulu endurskoðendur senda stjórninni reikninga með áritun sinni og athugasemdum eigi síðar en innan viku frá þeim degi.

7. gr.

Styrki og framlög úr sjóðnum skal veita, þegar stjórnin telur henta, annað hvort samkvæmt umsóknum eða án þeirra.

Umsóknir skulu vera skriflegar og skulu í þeim vera upplýsingar um, í hvaða skyni sótt er um styrk, svo og annað er máli skiptir að mati stjórnar.

8. gr.

Allir þeir, sem eru í fullu starfi hjá stofnun Pósts- og síma og hafa póststörf að aðalstarfi, minnst 60% að mati sjóðsstjórnar, og vilja njóta réttinda úr sjóðnum,

skulu greiða árlegt gjald til sjóðsins sem stjórnin ákveður hverju sinni. Gjaldldagi er 1. október ár hvert.

Það er skilyrði fyrir styrkveitingu til einstaklings, að hann hafi verið póstmáður í 10 ár samtals. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að víkja frá þessu ákvæði, sé um sérstakt nám að ræða að hennar mati. Umsækjandi skal þó í þessu tilviki að jafnaði ekki hafa lægri starfsaldur en 7 ár, hafa náð 25 ára aldri, vera skuldlaus við sjóðinn og jafnframt vera félagi í Póstmannafélagi Íslands. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að víkja frá þessum skilyrðum í undantekningartilvikum.

Sá, sem hefur fengið styrk úr sjóðnum, skal veita stjórninni stuttorða skýrslu um för sína og nám, fræðslufund, námskeiðahald o. s. frv., og skal skýrslu skilað innan þess tíma er stjórnin ákveður.

9. gr.

Framlag til Póstmínjasafns skal nema 25% af nettótekjum sjóðsins, en það er sá hluti tekna sjóðsins, sem svarar til andvirðis seldra frimerkja af bögglaflýgibréfum. Lækki þessi tekjustofn sjóðsins skal framlag til Póstmínjasafnsins lækka að sama skapi.

Árlegt framlag til Fasteignalánasjóðs póstmanna skal vera allt að 50% af nettótekjum sjóðsins. Stjórnin ákveður að öðru leyti, hve miklu fé sjóðsins skuli verja árlega til styrkja og annarra framlaga.

10. gr.

Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun hans og skal hann ávaxtaður á eftirgreindan hátt:

- a) Í skuldabréfum tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs.
- b) Í ríkisbönkum.
- c) Í Fasteignalánasjóði póstmanna.
- d) Með kaupum á fasteignum fyrir félagsstarfsemi póstmanna.
- e) Í lánum til pósthjónustunnar.

11. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, ef þörf krefur vegna breyttra tíma og aðstæðna, enda þarf samþykki allra sjóðsstjórnarmanna til slíkra breytinga. Stjórnin leggi breytingarnar fyrir fund aðila sjóðsins til endanlegrar samþykktar. Leita skal staðfestingar Forseta Íslands á skipulagsskrá þessari. Þegar staðfesting forseta Íslands er fengin fellur úr gildi Skipulagsskrá fyrir Póstmannasjóð nr. 49 29. maí 1923 og reglur um styrkveitingar úr Póstmannasjóði, frá 26. júní 1925.

Samgönguráðuneytið, 27. janúar 1971.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

H A F N A R R E G L U G E R Þ

fyrir Reykjavíkurböfn.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Takmörk Reykjavíkurböfnar eru:

Norðan Seltjarnarness: Lína dregin úr Gróttuvita réttvísandi 37° til skurðar við línu, sem dregin er úr ósum Korpúlfsstaðaár réttvísandi 307°. Undanskilin eru